

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 12. apríl 2023
UST202303-057/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Hvangiljahöll á Holtamannafrétti, fjallasel – Ásahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ásahrepps er barst 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvangiljahöll á Holtamannafrétti, fjallaseli í Ásahreppi.

Í greinargerð kemur fram að í dag á skipulagssvæðinu gistiskáli sem er um 40 m² og álíka stórt hesthús og girðing fyrir hesta. Í greinargerð kemur fram að heimilar eru endurbætur og viðhald á núverandi húsum eða að byggja tvö ný hús í þeirra stað þar sem hámarks byggingarmagn getur verið 300 m² og mænishæð getur verið allt að 5,5 metrar. Gisting getur verið fyrir 30 gesti.

Auk þess kemur fram að við endurgerð mannvirkja eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi útlit eða hvort mannvirkjum verði breytt til að aðlaga þau betur að umhverfi og fyrirhugaðri notkun. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er. Þá skal við framkvæmdir leitast við að hlífa gróðri og lágmarka rask á landi. Við hesthúsið er hólf fyrir hesta. Ekki er heimilt að beita hrossum á svæðinu heldur skal hey flutt úr byggð, af öruggum svæðum m.t.t. sauðfjárveikivarna. Afgangs hey skal notað til uppgræðslu á staðnum.

Rask og frágangur

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að lögð sér áhersla á að halda öllu raski í lágmarki, enda er svæðið viðkvæmt, óraskað að hluta með vistgerðir með hátt verndargildi. Umhverfisstofnun leggur það til að við framkvæmdir verði gróðurtorfur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.

Umhverfisstofnun telur að til uppgræðslu eigi að nota staðargróður eins og kostur er t.a.m. með því að geyma svarðlag til að leggja aftur yfir. Stofnunin telur slík vinnubrögð við frágang svæða sérstaklega mikilvæg þegar um er að ræða vistir með verndargildi.

Ásýnd

Í greinargerð segir að við endurgerð mannvirkja eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi útlit eða hvort mannvirkjum verði breytt til að aðlaga þau betur að umhverfi og fyrirhugaðri notkun. Umhverfisstofnun telur þetta vera óljóst, en jafnvel á þarna við að útlit bygginga sé frjáls.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að settir séu byggingarskilmálar um að byggingar séu í náttúrlegum litum svo að þau falli vel að umhverfinu.

Votlendi

Í greinargerð segir að í næsta nágrenni við Hvanngiljahöll er votlendi samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á náttúrufyrirbærum sem njóta sérstakrar verndar. Hins vegar er ekkert frekar fjallað um votlendið í greinargerðinni og áhrif tillögunnar á það.

Rétt er að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Mikilvægt er að þetta komi fram í greinargerð og í umhverfisviðmiðum umhverfismatsskýrslu.

Á uppdrætti er sýnd möguleg staðsetning á vatnsbóli og nákvæm staðsetning vatnsbóls og útfærsla á öflun neysluvatns skal unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Umhverfisstofnun bendir á að vatnsbólið er staðsett í votlendinu samkvæmt uppdrætti. Gera ætti grein fyrir gerð og staðsetningu borplans því ætla má að borað verði eftir vatni til að tryggja gott og nægilegt neysluvatn. Í þessu sambandi ætti að skoða hvort þörf sé á að bora í votlendið og hvort unnt væri að ná sama árangri með staðsetningu borholu utan við votlendið eða í jaðri þess.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir í viðkvæmu votlendi getur haft óafturkræf áhrif á það og því mikilvægt að sett séu skýr skilyrði varðandi uppbyggingu og framkvæmdir við gerð vatnbólsins.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 31. gr. náttúruverndarlaga segir að bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum.

Einnig er heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við lagningu veitukerfa enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að efni sé flutt á svæðið meðan frost er í jörðu og allt úrgangsjarðvegsefni fjarlæggt frá vatnsbóli og skila svæðinu sem líkast því sem það var áður en brunnagerðin hófst.

Vindrafstöð

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að huga sem að umhverfisvænum orkukostum í tillögunni, en stofnunin bendir á að 10 kV vindrafstöð getur verið allt að 18–30 metrar að hæð. Því segir afl rafstöðvarinnar ekkert til um umhverfisáhrif hennar heldur hæð sem getur haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Að mati

Umhverfisstofnunar þarf að setja skilyrði um hæð stöðvarinnar og meta umhverfisáhrif vindrafstöðvarinnar með tilliti til ásýndar og landslags.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur